

**Ed.**

**707. Frumvarp til laga**

[301. mál]

um breyting á lögum nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

141. gr. 3. mgr. laganna breytist þannig, að í stað orðanna „Skylt er flugmálaráðherra að skipa nefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið“ komi:

Flugmálaráðherra skal skipa 5 kunnáttumenn til 4 ára í senn í rannsóknarnefnd flugslysa. Nefndin skal kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum, eða miklu tjóni á munum. Nefndin skal einnig gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins.

Rannsóknarnefndin skal starfa sjálfstætt og óháð. Henni er heimilt að leita til flugmálastjórnar og lögreglu um aðstoð og upplýsingar eftir því sem tilefni gefst til.

Nefndarmenn skulu víkja úr sæti og ráðherra skipa aðra í þeirra stað ef rannsóknin beinist að slysi er varðar þá sjálfa, vandamenn þeirra eða skyldmenni, svo og fyrirtæki sem þeir starfa hjá eða eiga hlut í.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Kostnaður vegna nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Nauðsynlegt er talið að sett verði nánari ákvæði en nú gilda um óháða nefnd sérfræðinga, sem geri sjálfstæða úttekt á rannsókn flugslysa, orsökum þeirra, og tillögur til úrbóta. Ekki er gert ráð fyrir því að rannsóknarnefnd þessi kanni að jafnaði vettvang flugslyss. Það verður hlutverk flugmálastjórnar. Þó getur nefndin sjálf farið á vettvang, ef hún telur það nauðsynlegt, eða krafist nánari rannsókna.

Nefndin skal starfa óháð og draga ályktanir sjálfstætt, áþekkt og dómstóll skipaður sérmenntuðum mönnum, en af því leiðir m. a. að hún getur gert athugasemdir við slysa-rannsóknir telji nefndarmenn ástæðu til

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.